

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkio...



Gott til síðasta dropa

Miðvikudagur 9. ágúst 2006 – 30. tölublað – 2. árgangur

Veffang: visir.is – Sínum 550 5000 VISIR

Amerískir bílar

Bensínhákar
á undanhaldi



Verslunarmannahelgin að baki

Haustar að í hjört-
um Íslendinga?

4

Uppgjör bankanna

Af vöxtunum
skuluð bið
bekkja þá

8-9



6



Svartsýnisspár
ótímabærar

International Herald Tribune segir á vefsíðu sinni að hrakspár um íslensku bankana hafi verið ótímabærar og vitnar í álit matsfyrirtækisins Moody's sem birt var fyrir verslunarmannahelgi. Þá segir að öllu tali um bankakreppu megi vísa á bug.

Fram kemur í greininni að þrátt fyrir að íslenska krónan hafi veikst um átján prósent gagnvart evru á árinu, gríðarlegar erlendar skuldur, metviðskiptahalla, hárra vaxta auk 8,4 prósenta verðbólgu sé ekki hætta á bankakrísu á Íslandi.

„Fólk er að átta sig á því að íslensku bankarnir standa hreint ágætlega,“ hefur blaðið eftir Beat Sigenthaler, sérfræðingi TD Securities í Lundúnum. „Aðilar markaðarins virðast líka reiðubúnir að tak a smá áhætta og mér sýnist sem fjárfestar séu að tak við sér.“ - jsk

OECD fjallar um horfur hér

Efnahags- og framfarastofnunin, OECD, kynrir í dag nýja skýrslu um efnahagsmál á Íslandi.

Ári M. Mathiesen fjármálaráðherra kynrir sendinefnd OECD á blaðamannafundi í Þjóðmenningaráhúsini fyrir hádegi, en þar verður jafnframtíð farið yfir efni skýrslunnar. Í henni er að finna stöðumat og ráðleggingar varðandi hagstjórnina hér og ábendingar um leiðir til að bæta framkvæmd peningastefnumnar og stjórn opinberra fjármála.

Í forútgáfu skýrslunnar í lok maí var áhersla lögð á aðhald í opinberum fjármálum þar til tök næðust á verðbólgu hér. - óká

FRÉTTIR VIKUNNAR

Ofirmátu hættu | Í nýrri ársskýrslu matsfyrirtækisins Moody's kom fram sú skoðun sérfræðings fyrirtækisins að markaðsaðilar hefðu ofmetið hættu á bankakreppu á Íslandi.

Jákvæður tónn | Erlend fjármálfyrirtæki á borð við Credit Suisse og Société Générale hafa gefið út jákvæðari umsóknir um bankana eftir að þeir birtu afkomutölur sínar.

Velta snarminnkjar | Velta á íbúðamarkaði í júlí dróst saman um þrjátíu prósent milli ára. Veltan nam 10,4 milljörðum króna í júlí miðað við 16,1 milljard í fyrra.



Tvöföldun hagnaðar | Hagnaður Sjóvár nam 4,1 milljardí króna fyrir skatta á fyrrri árshelmingi sem er 141 prósents aukning frá sama tíma í fyrra.

Undirbúa yfirtöku | Dótturfélag Avion Group hefur gert 37 milljardá króna yfirtökutilboð í kanadíská kælifyrtækjum Atlas Cold Storage sem nemur 443 krónum á hlut.

Aukið samstarf | Kauphöll Íslands og OMX eiga í viðræðum um aukið samstarf sem gæti leitt til samruna þeirrar íslensku við sameiginlegar kauphallir í sex löndum.

Kaupir banka | Landsbanki Íslands hefur náð samkomulagi um kaup á Cheshire Guernsey Limited sem er banki með höfuðstöðvar á eynni Guernsey í Ermarsundi.

Áfram samdráttur á fasteignamarkaði

Velta á fasteignamarkaði hefur dregist saman um 45 prósent frá því þegar mest létt. Sérfræðingar segja samdrátt í veltu undanfara verðlækkana.

Jón Skaptason
skrifar

„Við reiknum með fimm til tíu prósenta lækkun íbúðaverðs á næstu tveimur árum. Ég tel ekki útilokað að merki um verðlækkanir sjáist nú strax á haustdögum,“ segir Ingvar Arnarson, sérfræðingur greiningardeildar Glitnis.

Hundrað og sjö fasteignasamningum var þinglýst á höfuðborgarsvæðinu vikuna 28. júlí til 3. ágúst og nam heildarverlt rúmum 2,7 milljörðum króna. Rúmlega tuttugu og sjö prósenta meiri velta var á fasteignamarkaði vikuna fyrir verslunarmannahelgi í fyrra; 148 kaupsamningum var þinglýst og veltan nam 3,5 milljörðum króna.

Ingvar segir kólnun á fasteignamarkaði þegar komna fram í minni veltu. Eftirspurn sé minni en áður en framboð umtalsvert. „Það er brýstingur í átt að verðlækkun. Það sem liggur að baki eru vaxtahækkanir, minni aðgangur að fjármagni auk þess sem verðbólga hefur látið á sér kræla. Allt þetta stuðlar að minni eftirspurn eftir íbúðum á sama tíma og framboð er meira en áður.“

Hagnast um 280 milljarða frá lokum einkavæðingar

Frá árinu 2003, er einkavæðingu ríksbankanna lauk og hlutabréfaverð tók að rísa hratt hér á landi, hafa viðskiptabankarnir brír og Straumur-Burðarás fjárfestingabanki hagnast alls um 280 milljardá króna.

Afkoman hefur farið síhækkanandi með hverju árinu og met slegin næst undantekningalaust á milli ársfjórðunga þar til á öðrum ársfjórðungi í ár að afkoma félaganna hvar um sig á fyrrí hluta ársins. KB banki og Straumur högnumust á fyrsta ársfjórðungi 2006 vel yfir nítján milljardá króna, eða tæpum einum milljardí minna en sem nam öllum hagnaði fjármálfyrirtækjanna árið 2003.

Allt árið í fyrra högnumust fjármálfyrirtækjum fjögur um tæpa 120 milljardá króna eftir skatta

en það sem af er þessu ári nemur heildarhagnaður félaganna yfir 91 milljardí króna og verður því að telja sennilegt að gamla metið falli í ár nema áföll dynji yfir á seinni hluta ársins.

Árið 2003 skiluðu fjármálfyrirtækjum fjögur yfir tuttugu milljardá hagnaði sem er það sama og Glitnir og Landsbankinn skiluðu hvar um sig á fyrrí hluta ársins. KB banki og Straumur högnumust á fyrsta ársfjórðungi 2006 vel yfir nítján milljardá króna, eða tæpum einum milljardí minna en sem nam öllum hagnaði fjármálfyrirtækjanna árið 2003.

- eþa / sjá síðu 10

SAMANLAGÐUR HAGNAÐUR BANKANNA 2003-2006*

2003	20.225
2004	48.558
2005	120.094
2006**	91.749

** Hagnaður fyrstu sex mánaða

Hagnaður hvers félags fyrir sig 2003-06

Glitnir	56.491
KB banki	106.319
Landsbanki	61.213
Straumur	56.603

* Allar upphæðir í milljónum króna

Örugg ávöxtun
í þeirri mynt
sem þér hentar

Peningabréf
Landsbankans

ISK
13,3%*

GBP
5,4%*

USD
5,3%*

EUR
3,2%*

Markmið
Peningabréfa er
að ná hæri ávöxtun en
millibankamarkaður og
gjaldeyrisrekningar. Enginn
munur er á kaup-
og sölugengi.

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

120 ISSG

GOTT FOLK MICANN

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðréfásjóð og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru rekni af Landsvaka hf., rekstrarfelagi með starfslæfi FMÉ. Landsbankinn er vörsluðið sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rými fjárfestingarheimildir svk. lögnum heldur en verðréfásjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvad varðar muninn á verðréfásjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, vísast til útböðslýsingar og útdráttar úr útböðslýsingum sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimisíðu bankans, landsbanki.is.

* Nafnávöxtun á ársgrundinum frá 3. júlí - 1. ágúst 2006.

GENGISPRÓUN

	Vika	Frá áramótum
Actavis	-2%	24%
Alfesca	-3%	0%
Atlantic Petroleum	-3%	31%
Atorka Group	-6%	-9%
Avion Group	-2%	-29%
Bakkavör	0%	-5%
Dagsbrún	-4%	-12%
FL Group	-4%	-18%
Glinnir	2%	1%
KB banki	-3%	-5%
Landsbankinn	-2%	-18%
Marel	4%	18%
Mosaic Fashions	-1%	-11%
Straumur	-3%	-1%
Össur	-4%	-6%

Miðað við gengi í Kauphöll á mánuðaginn

Fjöldi farþega FlyMe þrefaldast

FlyMe flutti þrefalt fleiri farþega í júlí en í sama mánuði í fyrra. Alls ferðuðust um 64 þúsund farþegar með félagini í síðasta mánuði samanborið við sautján þúsund manns í júlí 2005.

Aukningin kemur til vegna fjölgunar á nýjum áfangastöðum utan Svíþjóðar en tólf nýjar flugleiðir hafa bæst við síðan í fyrra.

Fredrik Skanslid, forstjóri særnska lággjalfaflugfélagsins, er ánægður með að sætanýt-

ing er komin yfir 70 prósent á erlendu flugi en sætanýting fyrir öll flug er rúm 69 prósent. Petta er tólf prósentustiga aukning á milli ára.

FlyMe tapaði um 630 milljónum króna á fyrsta ársfjórðungi. Á næstuunum verður lagt til við hluthafafund að hlutafé verði aukið um þrettán milljarða króna til þess að standa undir kaupum á öðrum lággjalfaflugfélögum.

- eba

Bankar mæla með öðrum bönkum

Greiningardeild Landsbankans mælir með kaupum og yfirvogun á hlutabréfum í Glinni eftir að Glinnir birti „sannfærandi“ hálfss árs uppgjör sem var langt yfir væntingum annan ársfjórðunginn í röð.

Metur Landsbankinn markaðsvirði Glinnis á 271,9 milljarða króna sem gefur gengið 19,4 og telur að hlutabréf Glinnis gefi betri ávöxtun en önnur hlutabréf til skamms tíma í vel dreifðu eignasafni.

Pá hefur Landsbankinn birt nýtt verðmat á KB banka sem hljóðar upp á 545 milljarða króna sem gefur gengið 808 krónur á hlut. Mælir bankinn með kaupum á bréfum KB banka en breytir ráðgjöf sinni úr yfirvogun í markaðsvogun í vel dreifðu eignasafni. Það er því skoðun Landsbankans

að gengi KB banka muni þróast með sama hætti og markaðurinn til skamms tíma.

Pá hefur KB banki uppfært verðmat sitt á Landsbankanum úr 27,4 krónum á hlut í 26,5 krónur. Er mælt með kaupum í bankanum.

Glinnir hefur ekki uppfært verðmat sitt á hinum bönkunum eftir að þeir birtu sex mánaða uppgjör sín en í maí var mælt með kaupum bæði í KB banka og Landsbankanum.

- eba

NÝTT VERÐMAT
Á BÖNKUNUM

	A*	B**	Greinandi
Glinnir	19,4	17,5	Landsbankinn
KB banki	808	707	Landsbankinn
Landsbankinn	26,5	20,8	KB banki

*A = Verðmatsgengi **B= Markaðsgengi

Lokatilboð í Atlas

Avion Group hækkar ekki tilboð sitt í Atlas Cold Storage.

Magnús Þorsteinsson, stjórnarformáður Avion Group, segir að félagið muni leita á önnur mið fari svo að tilboði Avion í kanadíska kælfyrirtækjum Atlas Cold Storage verði hafnað.

„Við teljum að sjö kanadískir dalir á hlut sé sanngjarnat verð. Við kaupum einungis fyrir rétt verð og þetta er rétt verð að okkar mati“, sagði Magnús í viðtali við kanadíska viðskiptablaðið Financial Post.

Tilboð Avion upp á sjö kanadali á hlut eða sem nemur rúmum 440 íslenskum krónum. Heildarvirði Atlas Cold Storage er samkvæmt því 37 milljarðar



MAGNÚS ÞORSTEINSSON

króna.

Bréf í Atlas Cold Storage hafa rokið upp í Kauphöllinni í Toronto í kjölfarférréttu af væntanlegri yfirtökum Avion Group. Bréf í Atlas Cold Storage standa nú í 7,67 kanadadólum á hlut. Gríðarleg viðskipti hafa verið með bréf í félagini.

Tilboð Avion hefur vakið mikla athygli í Kanada og var meðal annars flennistór mynd af Magnúsi á forsíðu viðskiptablaðsins Financial Post. Þá var rúmlega sex mínútna viðtal við Magnús í aðalfréttatíma viðskiptasjónvarpsstöðvarinnar Rob TV.

- jsk

Gengið var frá kaupum Marels á Scanvaegt á mánuðag. Kaupverðið var 109,2 milljónir evra, eða tæplega 9,9 milljarðar íslenskra króna. Með viðskiptunum eignast Lars Grundtvig, stjórnarformáður Scanvaegt, og fjölskylda hans átján prósenta hlut í Marel og verða þar þriðji stærsti hluthafi.

Samstæða Marels samanstendur af nítján fyrirtækjum með starfsemi í fimmtán löndum þar sem nái starfa yfir 2000 starfsmenn, þar af um 350 á

Skrefi nær yfirtöku

Tryggingamiðstöðin er skrefi nær yfirtökum á norska tryggingsfélaginu NEMI forsikring ASA en Fjármálaeftirlit Noregs veitti TM fyrir helgi heimild til að eiga milli 74,5 og 100 prósent af útistandandi hlutum í félagini. Þann 12. apríl síðastiðið gerði Tryggingamiðstöðin öllum hluthöfum félagsins yfirtökutilboð með fyrirvara um samþykki samkeppnisyfivalda og áreiðanleikakönnun.

Heimild Samkeppniseftlitsins er því háð að TM kaupi að minnsta kosti 74,5 prósent hlutafjár í NEMI innan þriggja mánaða

frá dagsetningu samþykkins. Jafnframt eru sett skilyrði fyrir því að leita þurfi samþykki fyrir ráðstöfun umtalsverðra eigna eða hluta starfsemi NEMI til þriðja aðila og að möguleg viðskipti milli NEMI og TM fari fram eins og um óskylda aðila sé að ræða.

Í tilkynningu TM til Kauphallar Íslands segir að þetta þyði að skilyrði í tilboðinu um jákvæða umfjöllun norska fjármálayfirvalda hefur verið rutt úr vegi. Eina óuppfyllta skilyrði tilboðsins sé nú að NEMI standist áreiðanleikakönnun. Áætlað er að henni ljúki ekki síðar en 25. ágúst. - hhs

Salan jókst um 38% milli ársfjórðunga

Marel skilaði mesta rekstrarhagnaði sínum á einum ársfjórðungi til þessa á öðrum fjórðungi þessa árs. Gengispróun gjaldmiðla hefur verið félagini hagstæð.

Óli Kristján Ármannsson
skrifar

Forstjóri Marel fagnar viðsnuningi í rekstri eftir erfiðar aðstæður sem dregið hafi úr hagnaði síðustu ársfjórðunga. Fyrirtækið birti í gær hálfssársuppgjör þar sem fram kemur að fyrstu sex mánuði ársins hafi sala fyrirtækisins aukist um tæpan fjórðung og um 38 prósent ef bara eru bornir saman annar ársfjórðungur þessa árs og síðasta árs.

„Rekstur félagsins á öðrum ársfjórðungi gekk vel. Ánægjulegt er að sjá að vöxtur tekna er um 38 prósent samhlíða því að rekstarhagnaðinum hefur verið komið í ásættanlegt horf, 9,3 prósent af sölu, eftir slakan árangur í erfiðu rekstarumhverfi síðustu ársfjórðunga þar á undan,“ segir Hörður Arnarson, forstjóri Marels, og bætir við að samhlíða hefðbundnum rekstri hafi Marel unnið samkvæmt stefnu sem kynnt var á síðasta aðalfundi um aukna áherslu á ytri vöxt. „Samtímis birtingu þessa uppgjörs tilkynnum við um kaup Marels á danska félagini Scanvaegt. Samþættig á milli Marels, AEW Delford og Carnitech gengur samkvæmt áætlun og framundan er einnig mjög spennandi samþættig við Scanvaegt. Seinni hluti þessa árs mun mótað af umfangsmiklu samþættингaraðgerðum og einskiptiskostnaði þeim tengdum en horfur til lengri tíma eru góðar,“ segir hann, en með vexti ársins er gert ráð fyrir að velta Marels aukist um yfir 100 prósent á árinu.



KAUPIN HANDSÖLUÐ I ÁRÓSUM Hörður Arnarson, forstjóri Marels, og Lars Gruntvig, stjórnarformáður Scanvaegt, gengu frá kaupum Marels á Scanvaegt á mánuðag. „Yfirtökur og sameiningar á þessum markaði hafa leitt af sér að stærri fyrirtæki,“ segir Lars.

Íslandi, 795 í Danmörku, 380 í Bretlandi, auk starfsmanna á yfir 30 söluskrifstofum.

Sala Marels á öðrum ársfjórðungi þessa árs nam 46,6 milljónum evra, eða 4,3 milljörðum króna, samanborið við 33,9 milljónir evra, eða 2,7 milljardar króna í fyrra. Rekstrarhagnaður fyrirtækisins á öðrum ársfjórðungi var 4,3 milljónir evra, eða um 399 milljónir króna, samanborið við 3,3 milljónir evra, eða 262 milljónir króna í fyrra. Er þetta sagt vera mesti rekstrarhagnaður fyrirtækisins í einum ársfjórðungi til þessa.

Í uppgjöri Marels kemur fram að söluhorfur fyrir árið séu áfram taldar góðar og nýjar vörur sem kynntar hafa verið að síðustu mánuðum hafa fengið góðar viðtökur. „Priðji ársfjórðungur mun þó eins og áður mótað nokkuð af sumarfríum og jafnframt minni afhendingum og tekjufærslu af þeim sökum,“ benda forvarsmeðal, en bæta um leið við að gengispróun gjaldmiðla hefur verið félagini hagstæð að undanförnu. „Leiðréttig íslensku krónunnar lækkar íslenskan kostnað félagsins og eykur rekstrarhagnað þess. Félagið hefur gert framvirka samninga sem tryggja hagstætt gengi krónunar fram í nóvember á næsta ári.“



Hvað ætlar þú að gera begar þú verður stór?

Með viðbótarlífeyrissparnaði getur þú lagt 2-4% af launum þínum í sparnað og fengið 2% mótframlag frá launagreiðanda. Þannig leggur þú grunn að lífsgæðum síðar á ævinni.

SPRON Verðbréf bjóða upp á ýmsar fjárfestingarleiðir og persónulega og faglega ráðgjöf til að finna þá leið sem hentar hverjum og einum.

pgv

LENGDU SUMARIÐ ...

- ENGIN MÁLNINGAVINNA
- HVORKI FÚI NÉ RYÐ
- FRÁBÆR HITA OG HIJÓÐEINANGRUN
- FALLEGT ÚTLIT
- MARGIR OPNUNARMÖGULEIKAR
- ÖRUGG VIND OG VATNSPÉTTING

PGV ehf. framleiðir viðhaldsfríar sólstofur og svalalokanir úr PVC-u.
Þeim fylgir 10 ára ábyrgð.

Sólstofurnar eru á frábæru verði og eru einfaldar og fljótlegar í uppsetningu.

Framleiðum einnig viðhaldsfrí PVC-u glugga og hurðir á sambærilegum verðum og gluggar sem stöðugt þarfast viðhalds.

Hafðu samband og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!



Rússar auka bjórdrykkju

Danska bjórrisanum Carlsberg hefur vegnað vel á Rússlands- og Eystrasaltsmarkaði. Carlsberg rekur brugg-verksmiðju ásamt breska framleiðandanum Scottisch & Newcastle og jókst hagnaður verksmiðjunnar um tæp þrjátíu og tvö prósent á öðrum ársfjórðungi.

Neysla á bjór hefur aukist gríðarlega í Rússlandi og við Eystrasalt undanfarin misseri og er því spáð að salan aukist um fimm prósent á þessu ári. -jsk



BMW hagnast

Allt stefnir í besta ár í sögu BMW. Tekjur félagsins námu 1200 milljörðum á öðrum ársfjórðungi.

Hagnaður þýska bílarisans BMW nam tæpum hundrað milljörðum íslenskra króna á öðrum ársfjórðungi og jókst um þriðjung milli fjórðunga.

Sala á bifreiðum fyrirtækisins; sem framleiðir klassískar BMW-bíla auk Mini Cooper- og Rolls Royce-bifreiða, jókst um 3,2 prósent. Tekjur BMW jukust um 8,5 prósent og námu rúnum 1200 milljörðum íslenskra króna. „Við erum á góðri leið með

BMW GLÆSIBIFREID Tekjur þýska bílarisans jukust um þriðjung á síðasta ársfjórðungi sem er langt umfram spár.



Stýrivaxtahækkun í Ástralíu

Seðlabanki Ástralíu hefur hækkað stýrivexti um fjórðung úr prósenti. Þetta er í annað skipti á þremur mánuðum sem stýrivextir hækka í landinu en þeir standa nú í sex prósentum og hafa ekki verið hærri í sex ár.

Ástralska hagkerfið stendur styrkum fótum brátt fyrir að verðbólga sé nú um fjögur prósent. Verðbólgsmarkmið Seðlabanka Ástralíu er þrjú prósent.

„Það er mikill vöxtur í hagkerfinu og verðbólgsþrýstingur hefur aukist,“ sagði Ian Macfarlane,



FRÁ SYDNEY Stýrivextir í Ástralíu eru nú sex prósent og hafa ekki verið hærri í sex ár.

seðlabankastjóri. Spáð er hagvexti upp á þrjú prósent í Ástralíu á árinu. -jsk

Starbucks svitnar í hitabylgju

Uppgjör Starbucks olli vonbrigðum. Vandamálum við framleiðslu kaldra drykkja kennt um.

Bandaríski kaffihúsarinn Starbuck kennir heitu veðri um að ekki gekk betur í júlí en raun ber vitni. Sala fyrirtækisins jókst um fjögur prósent miðað við sama tíma í fyrra, en sérfræðingar gerðu ráð fyrir allt að sjö prósenta sölauakningu.

Í tilkynningu frá Starbucks sagði að vegna hitabylgju hefðu fleiri en ella pantað kaldra kaffidrykki. Slíkir drykkir tækju mun lengri tíma í framleiðslu en hefðbundnir kaffidrykkir og því hefði

salan valdið vonbrigðum í mánudínum.

Jim Donald forstjóri sagði að til stæði að ráða afleysingafólk í mestu sumarhitunum til að auka afköst „Það er vissulega vanda-mál hversu langan tíma tekur að útbúa kalda kaffidrykki. Við vitum af vandamálini og leitum allra leiða til að leysa það.“

Hagnaður Starbucks nam engu að síður tæpum ellefu milljörðum króna á öðrum ársfjórðungi og jókst um sextán prósent frá



STARBUCKS KAFFIHÚS
Hagnaður Starbucks nam ellefu milljörðum króna á öðrum ársfjórðungi en olli greiningaraðilum vonbrigðum.

því í fyrra. Það kom hins vegar ekki í veg fyrir að hlutabréf í Starbucks í Kauphöllinni í New York félru um níu prósent er uppgjörið var kunngjört. -jsk

Kodak í miklum vanda

Gamli myndavélarisinn Kodak riðar til falls. Stafræna byltingin fór framhjá fyrirtækinu sem tapaði 21 milljarði á þriðja ársfjórðungi.

Jón Skaftason
skrifar

Myndavélaframleiðandinn Kodak tapaði tæplega 21 milljarði króna á þriðja ársfjórðungi og jókst tap fyrirtækisins um rúm áttatíu prósent milli fjórðunga. Bréf í fyrirtækinu féluru um tæp fjórtán prósent í Kauphöllinni í New York í kjölfar fregnanna.

Tekjur fyrirtækisins námu tæpum tvö hundruð og fimmtíu milljörðum króna á þriðja ársfjórðungi og drögust saman um níu prósent.

Kodak hefur átt í mesta basli síðan stafrænar myndavélar hófu innreið sína á markaðinn en fyrirtækið hafði löngum sérhæft sig í framleiðslu hefðbundinna myndavéla með filmu. „Rekstrargrundvöllur



Kodak eins og við þekkjum það er nánast horfinn. Það er ljóst að skipuleggja þarf fyrirtækið upp á nýtt og þeimbeita sér að því að finna aðra möguleika til að afla sér teknar,“ sagði Shannon Cross hjá greiningarfyrirtækinu Cross Research.

Kodak hefur tilkynnt að tuttugu og sjö þúsund starfsmenn fyrirtækisins eigi von um að uppsagnarbréfum. Dan Carp, fyrrverandi forstjóra Kodak, er að mestu kennt um að fyrirtækinu hafi ekki tekist að aðlagast breyttu umhverfi á myndavélamarkaði. Carp tók pokann sinn í maí á þessu ári og kvaddi.

STAÐRÆN MYNDAVÉL FRÁ KODAK
Kodak þykir ekki hafa náð að mæta kröfum neytenda hvað varðar stafrænar myndavéla. Félagið var í fremstu röð í framleiðslu hefðbundinna myndavéla með filmu.

Opnað fyrir viðskipti í Beirút

Bréf í Kauphöllinni í Beirút féluru um fjögur prósent á fyrsta degi viðskipta eftir að Ísraelar hófu árásir á Líbanon.

Hlutabréfamarkaðurinn í Beirút opnaði á ný í síðustu viku í fyrsta skipti síðan Ísraelar hófu árásir á Líbanon. BLOM-vísitalan, sem er nokkrus konar úrvalsvísalta Kauphallarinnar, lækkaði um 4,1 prósent á fyrsta degi viðskipta. Viðskipti námu rúnum sjö-

tíu milljónum íslenskra króna. Hlutabréf í hverju félagi gátu einungis lækkat um fimm prósent en þá var lokað fyrir viðskipti í viðkomandi félagi. Var þetta gert til að koma í veg fyrir of miklar sveiflur á markaðnum.

Bréf í fjöldamörgum félögum náðu fimm prósenta hámarkinu; þeirra á meðal bréf í fasteignafélaginu Solidere, sem var í eigu

Rafik Hariri, fyrrverandi forsetirisáðherra, og Blom sem er stærsti banki Líbanon.

„Við ákváðum að opna fyrir viðskipti en tíminn verður að leiða í ljós hversu lengi verður opið. Við töldum nauðsynlegt að setja ýmsar takmarkanir og þær standa þar til annað verður ákveðið,“ sagði Fadi Khalaf, forstjóri Kauphallarinnar. -jsk

Bensínshákar á undanhaldi

Bandarískir bílaframleiðendur eru í vandræðum.

Ökumenn vilja smærri og meðfærilegri bíla.

Enn syrtir í álinn hjá bandarískum bílaframleiðendum; sala Ford-bifreiða dróst saman um þrjátíu og fimm prósent í júlí miðað við sama tíma í fyrra, tæplega fjórtíu prósent færri Chrysler-bílar seldust og um tuttugu prósent færri bifreiðar frá General Motors.

Aukinn eldsneytiskostnáður auk stýrivaxtahækkaná í Bandaríkjum eru sagðir helstu orsakavaldar samdráttarins.



Bandarískir neytendur virðast nú kjósa sparneytnari og smærri japanska bíla á kostnað hinna stóru og bensínfreku bandarísku. Sala Toyota-bíla í Bandaríkjum jókst um sextán prósent í júlí. Tíu prósenta sölaukning varð hjá Honda og hún varðrúmlega sex prósent hjá Hyundai. Toyota hefur nú næstmeða markaðs-hlutdeild í Bandaríkjum á eftir General Motors.

Sala á stórum bensínfreku jeppum dróst mest saman

frá fyrra ári; um tæp fimmtíu prósent. Ford setti hins vegar á markað nokkrar gerðir smærri og meðfærilegri bíla og seldust þeir framar vonum. „Það er greinilegt að ökumenn vilja nú heldur smærri og meðfærilegri bíla,“ sagði Al Giombetti stjórnarformáður Ford, og bætti við:

„nýir bílar á borð við Ford Fusion, sem eru minni og sparneytnari en eldri tegundir, eru greinilega það sem koma skal.“ -jsk

GÆÐASTJÓRNUNARSKÓLINN

Býður upp á 10 vikna nám með vinnu í
HAGNÝTRI GÆÐASTJÓRNUN
...hefst 12. september

MARKMIÐ námsins er veita nemendum heildaryfirsýn yfir aðferðafræði gæðastjórnunar.



Svala Rún Sigurðardóttir
Ábyrgðarmaður

Halldóra Káradóttir
Fagstjóri

Á NÁMSKEIÐINU verður m.a. farið yfir:

- Hvað er gæðastjórnun?
- Gæðakostnað
- Stefnumótun og stjórnun gæðamála
- Hvað er gæðakerfi?
- ISO-staðla
- Ferlastjórnun og mælingar á ferlum
- Innri úttektir
- Verkefnastjórnun og umbótaverkefni
- Rafræna gæða- og skjalastjórnun

KENNARAR SKÓLANS hafa mikla reynslu af gæðastjórnun bæði sem stjórnendur, ráðgjafar og kennarar á háskólastigi.

KENNT verður á þriðjudögum frá kl. 13:00-17:00
SKRÁNING og nánari upplýsingar eru í síma 540-0900 og á www.focal.is, þar má einnig sjá yfirlit yfir fjölda annarra námskeiða.

FÓCAL SOFTWARE & CONSULTING

GODSÖGN

Eld
Smíðjan

GAEDAVARA

Í dag er hin byltingarkennda Eldsmiðja 20 ára gömul. Á Bragagötu 38a fyrir nákvæmlega 20 árum síðan hófst bylting í pizzugerð á Íslandi sem stendur enn.

Eldsmiðjan er fyrir löngu orðin goðsögn vegna mikilla og stöðugra gæða og þora að feta ótroðnar slóðir, sem síðan aðrir hafa fylgt og mótað sig í vel sköpuðum förum hennar.

Þannig verða goðsagnir til.

Í dag og á morgun (9. og 10. ágúst) veitum við viðskiptavinum okkar 20% afslátt í tilefni dagsins, en eftir það munum við halda áfram að umbylta pizzumarkaðnum.

Lifi byltingin!!

Eld
Smíðjan
STOFNAD 1986

BRAGAGÖTU 38A - 101 REYKJAVÍK SÍMI (TEL.) 562 • 38 • 38
www.eldsmidjan.is

Af vöxtunum skuluð þið þekkja þá

Heildarafkoma fjármálafyrirtækjanna dróst saman á milli fyrsta og annars ársfjórðungs. Gengistap af fjármálastarfsemi var staðreynd í fyrsta skipti í langan tíma en tekjur af grunnstarfsemi, s.s. hreinar vaxtekjur, reyndust drjúgar. Uppgjör bankanna voru fyrir ofan spár markaðsaðila en Morgan Stanley telur að uppgjör Glitnis hafi verið það besta. Eggert Þór Aðalsteinsson kynnti sér uppgjör bankanna.

Um uppgjör fjármálafyrirtækjanna á öðrum ársfjórðungi má almennt segja að þau hafi öll verið fyrir ofan væntingar markaðsaðila en alls högnumust þau um rúma þrjátíu milljarða króna.

Hagnaður Glitnis var 46 prósentum fyrir ofan meðaltalsspár, KB banki skilaði þrjátíu prósenta betra uppgjöri en spáð var og Landsbankinn var sextán prósentum fyrir ofan spár. Straumur kom skemmtilega kom á óvart með því að skila um þrjú hundruð milljóna króna hagnaði en fyrirfram var honum spáð allt að þriggja milljarða tapi.

GENGISTAP OG VEXTIR

Það bar þó til tíðinda á öðrum ársfjórðungi að samanlagður hagnaður bankanna dróst saman frá fjórðungnum á undan. Heildarhagnaður á fyrsta ársfjórðungi var 61 milljarður króna en var helmingi minni á öðrum ársfjórðungi eða 31 milljarður króna.

Hreinar rekstrartekjur bankanna, að Straumi undanskildum, námu 68,7 milljörðum króna á öðrum ársfjórðungi samanborið við 79,7 milljarða á þeim fyrsta. Glitnir skaut hinum bönkunum ref fyrir rass og skilaði bæði meiri hagnaði og auknum rekstrartekjum á öðrum ársfjórðungi samanborið við þann fyrsta.

Er þessi samdráttur hagnaðar og hreinna rekstrartekna rákinn til óhagstæðs umhverfis á fjármálamörkuðum sem olli um 6,3 milljarða gengistapi af fjármálastarfsemi á ársfjórðungi tvö en aðeins Glitnir skilaði gengishagnaði á tímabilinu. Á fyrstu þremur mánuðum ársins högnumust bankarnir hins vegar mikil á fjármálastarfsemi, enda var mikil hækkun á öllum hlutabréfamörkuðum.

Afkoma af grunnstarfsemi vó upp á móti gengistapi en hreinar vaxtekjur bankanna jukust gríðarlega á milli fyrsta og annars árshluta. Námu þær 39,5 milljörðum króna á öðrum ársfjórðungi og hækkuðu um rúma tólf milljarða króna frá þeim fyrsta. Með öðrum orðum námu nettó vaxtekjur bankanna 439 milljónum króna á dag frá byrjun apríl til loka júní. Tvennt átti stóran þátt í þessari aukningu. Í fyrsta lagi mældist verðbólga há á öðrum ársfjórðungi en víslitala neysluverðs hækkaði um 3,8 prósent. Í annan stað lækkaði gengi krónunnar sem skilaði sér í auknum vaxtekjum fyrir bankana.

Af bönkunum þremur er Landsbankinn með hæsta hlutfall hreinna vaxtekna af hreinum rekstrartekjum, um 71 prósent, Glitnir er með 54 prósent og KB banki 46 prósent.

Hreinar vaxtekjur eru því 66,8 milljardar króna á fyrri hluta ársins samanborið við 78 milljarða allt árið 2005.

HÆKKANDI KOSTNAÐUR

Aðrar grunntekjur bankanna, hreinar böknunartekjur, voru alls 22 milljarðar króna á öðrum ársfjórðungi og alls 43,1 milljarður á öllu árinu þannig að þær stóðu í stað.

Aftur er það Landsbankinn sem er með hæsta hlutfall böknunartekna af hreinum rekstrartekjum, eða 36 prósent á móti 30 prósentum hjá KB banka og 28 prósentum hjá Glitni.

Þótt gengistap bankanna hafi verið mikil af hlutabréfaeign þá skilið óskráðir eignarhlutir miklum hagnaði. Bankarnir



AFKOMA BANKANNA Á ÖÐRUM ÁRSFJÓRDUNGI MARKAÐIST ANNARS VEGAR AF LÆKKUN FJÁRFESTINGARTEKNA OG HINS VEGAR MIKILLI HÆKKUN VAXTATEKNA Hagnaður fjármálafyrirtækja dróst saman um helming milli fyrsta og annars ársfjórðungs og var borinn uppi af vaxtekjum og öðrum tekjum, svo sem söluhagnaði óskráðra eignarhluta.

fengu alls um 16,1 milljarð króna í aðrar tekjur á öðrum ársfjórðungi sem féllu fyrst og fremst í skaut KB banka, sem seldi eignarhlut í VÍS, og Glitnir, sem seldi þriðjungshlut í Sjóvá. KB banki er með hæsta hlutfall fjárfestingartekna og annarra tekna af hreinum rekstrartekjum eða 24 prósent á móti átján prósentum hjá Glitni. Þessi liður var neikvæð stærð hjá Landsbankanum.

Rekstrargjöld bankanna voru alls um 57,7 milljarðar á fyrstu sex mánuðum ársins, bar af 31 milljarður á öðrum ársfjórðungi. Allir bankarnir jukust rekstrarkostnað á milli fjórðunga, mismikið þó. Rekstrargjöld jukust um fimmtung hjá Landsbankanum, 17,4 prósent hjá KB banka og um 13,7 prósent hjá Glitni. Hlutfall launakostnaðar af rekstrargjöldum er hæst hjá Landsbankanum eða 64 prósent en 54-56 prósent hjá hinum bönkunum.

Á öðrum ársfjórðungi var Landsbankinn aukinheldur með hæsta kostnaðarhlutfallið, það er hlutfall annarra rekstrargjaldar að hreinum rekstrartekjum. Nam það 51 prósenti, 47,7 prósentum hjá KB banka en aðeins 31,6 prósentum hjá Glitni.

MORGAN STANLEY KRYFUR BANKANA

Eftir uppgjörin hafa erlendir greiningarðilar keppst við að senda frá sér skýrslur um stöðu og horfur í rekstri bankanna um þessar mundir. Morgan Stanley telur í skýrslu sem birtist fyrir verslunarmannhelgi að uppgjör Glitnis hafi verið það besta, Landsbankinn í samræmi við væntingar en KB banki valdið vonbrigðum. Morgan Stanley hrósar öllum bönkunum fyrir það hversu virðisryrun um útlána (útlánatop) er lágt sem hlutfall af útlánum. Um Glitni segir Morgan Stanley meðal annars að það sé jákvætt hversu kostnaðarhlutfall bankans er lágt,

hækkandi eiginfjárlutfall (CAD) er talið bankanum til tekna sem og að hann hafi skilað gengishagnaði á sama tíma og hinir bankarnir hafi sýnt gengistap. Hins vegar er það neikvætt hversu hátt hlutfall hagnaðar komi frá fjárfestingabankastarfsemi. Einnig er fundið að uppgjöri Glitnis að lausafjárvistaða bankans hafi helmingast frá áramótum.

Morgan Stanley hrósar Landsbankanum fyrir mikinn vöxt hreinna rekstrartekna á milli fyrsta og annars ársfjórðungs sem og lágt kostnaðarhlutfall og sterkan eiginfjárpátt A (12,9%). Aftur á móti er það meðal annars neikvætt að sextíu prósent útlána eru á Íslandi, gengistap af fjármálastarfsemi og að bankinn eigi langt í land, alveg eins og KB banki, í að ganga frá endurfjármögnum fyrir næsta ár.

Það sem Morgan Stanley telur meðal annars jákvætt við uppgjör KB banka er stöðugur bankarekstur sem skili góðum tekjuvexti á milli fjórðunga. Þá sé óvissa í tengslum við skráningu. Existir a markað að öllum líkendum frá. Neikvæðir þættir eru þónokkrir og er til dæmis nefndur mikill söluhagnaður af eignarhlut í VÍS, mikill vöxtur kostnaðar á milli fyrri hluta áranna 2005 og 2006 og lágt hlutfall eiginfjárpáttar A (8,7%) sem hafi lækkað frá áramótum.

BANKARNIR ÓDÝRARÍ

Lækkun á hlutabréfaverði og aukin hagnaður bankanna veldur því að verðkennitölur hafa orðið lægri og þar með hagstæðari á undanförnum viku. Ein vinsælasta kennitalan til að átta sig á virði hlutabréfa er svokallað V/H-hlutfall sem segir til um hversu lengi hagnaður fyrirtækis er að ná upp í markaðsvirði þess. Miðað við hagnað síðustu tólf mánaða er Straumur ódýrastur með V/H-hlutfallið 4,2. Lí kemur þar næstur með 6,2, Glitnir er með 7,6 og KB banki 8,3. Þetta lága hlutfall getur einnig þytt að markaðurinn telji að hagnaður bankanna muni dragast saman á næstu misserum.

Innra virði (V/I-hlutfall) allra bankanna, sem er hlutfall markaðsvirðis á móti eigin fé, er komið undir tvo en á síðasta ári voru sum gildi nærrí 2,5. Bankarnir eru með V/I-hlutföll á bilinu 1,69-1,95 en Straumur með hlutfallið 1,26.

HELSTU TÖLUR ÚR REKSTRI BANKANNA Á 2. ÁRSFJÓRDUNGI (ALLAR UPPHÆÐIR Í MILLJÓNUM KRÓNA)

Hreinar vaxtekjur	Póknunartekjur	Fjárfestingatekjur	Aðrar tekjur	Rekstrargjöld	Virðisryrnun útlána	Hagnaður eftir skatta
Glitnir	11.477	5.915	996	2.755	-6.674	-1.354
KB banki	14.385	9.184	-5.802	13.297	-14.805	-961
Landsbankinn	13.662	6.943	-1.537	58	-9.752	-1.660
Straumur	1.393	1.102	-2.507	1.215	-756	-296

Prósent af hreinum rekstrartekjum

Hreinar vaxtekjur	Póknunartekjur	Fjárfestingatekjur	Vaxtamunur	Arðsemi eiginfjár	CAD-hlutfall	Eiginfjárpáttur A
Glitnir	54%	28%	18%	2,45%	45,50%	13,70%
KB banki	46%	30%	24%	1,74%	36,20%	8,70%
Landsbankinn	71%	36%	-8%	3,05%	40,00%	15,10%
Straumur	116%	92%	-107%	1,66%	38,80%	31,70%

HELSTU KENNITÖLUR OG STÄRDIR BANKANNA

	V/H-hlutfall	V/I-hlutfall	Eigið fé	Heildareignir	Markaðsvirði 31. júlí
Glitnir	7,6	1,75	125.763	2.023.185	238.222
KB banki	8,3	1,95	238.705	3.552.232	467.181
Landsbankinn	6,2	1,69	123.088	1.811.468	228.128
Straumur	4,2	1,26	126.977	340.884	163.674

Humarhúsið

Humarhúsið • Amtmannstíg 1 • 101 Reykjavík • Sími: 561 3303 • humarhusid.is



M12 ÁSKRIFENDUR STÖÐVAR 2 FÁ SÝN Á 2.465 KR.


MEISTARADEILD EVRÓPU
- STERKASTA DEILDIN



ENSKA ÚRVALSDEILDIN
- Á DIGITAL ÍSLANDI FRÁ 15. SEPTEMBER

digital ísland

STERSTU VIÐBURÐIRNIR



Íslensku nördarnir (hefst 31. ágúst)

Fyrstu leikir Eiðs Smára

Undankeppni EM 2008

Landsbankadeildin

Íslenska landsliðið

Enska landsliðið

Ensku bikarkeppnirnar

Enski samfélagsskjöldurinn

Evrópukeppni félagsliða

Enska 1. deildin

Copa America 2007

Stærstu golfmótin

Box

NFL

NBA, ofl.

SYN
besta sætið

Vel heppnuð verslunarmálinn

Búðarkassar kaupmanna um allt land eru vafalaust yfirfullir af seðlum og greiðslukortanótum eftir helgina. Á meðan hefur ótímaþært haust kannski sest í hjörtru sumra sem þurfa að horfast í augu við neyslufylliri undanfarinna daga. Verslunarmannahelgin á sér ýmsar hliðar og *Hólmfríður Helga Sigurðardóttir* kíkti á nokkrar þeirra.

Ætla má að pyngja flestra þeirra er tóku þátt í skemmtanahaldi liðinnar helgi hafi lést eilít- ðök sökum neyslufyllirí. Íslendingar ferðuðust landshorna á milli og fyrirtæki í verslun og þjónustu blómstruðu, enda voru haldnar á annan tug hátiða um land allt. Í ár mættu fleiri en tíu þúsund manns á þrjár hátiðir, á Eina með öllu á Akureyri, á þjóðhátið í Eyjum og á Unglingalandsmót UMFÍ að Laugum.

Veðurguðir voru afar striðnir í upp-hafi helgarinnar og helst að þeir létu eiga sig að hrella gesti fyrir norðan og austan. Það var því heppilegt að í þetta sinn voru þrjár útihátiðir á Austurlandi: Neistaflug í Neskaupstað, Álfaborgarsjens á Borgarfirði eystri og harmóníkuhátið í Svartaskógi.

Upphaf gleðinna

Frídagur verslunarmanna var fyrst haldinn hátiðlegur á fimmtudegi þann 13. september árið 1894. Var ákvörðun tekin um það eftir að tilkynnt var á félagsfundi Verzlunarmannafélags Reykjavíkur að allir kaupmenn og verslunarstjórar stærri verslana í Reykjavík hefðu boðist til að gefa starfsmönnum sínum frídag svo þeir gætu skemmti sér.

Íslendingar voru ekki þá, frekar en nú, þekktir fyrir að hafna boði um góða skemmtun og fjölmennu flestir verslunarmenn í Reykjavík til hátiðahaldanna ásamt fjöldum gesta. Safnaðist mannfjöldinn saman á Lækjartorgi fyrir hádegi og gekk fylktu liði undir fánum og lúðrapýt að Ártúni. Þegar þangað var komið voru haldnar ræður og skemmtiatriði og flutt minni Íslands og verslunarstéttarinnar, kvenna og gesta á svæðinu.

Pessum fyrsta frídegi verslunarmanna lauk með göngu til Reykjavíkur þar sem gerður var stuttur stans á Lækjartorgi, sungin nokkur lög og göngumenn hrópuðu níflalt húrra fyrir deginum, í þeirri von að menn sæjust aftur að ári.

Frídagur verslunarmanna varð almennur frídagur upp úr miðri síðustu öld og þar sem hann ber alltaf upp á mánuðag hefur verslunarmannahelgin orðið ein mesta ferðahelgi Íslendinga.

Heimild: www.vr.is

SAMGÖNGUFLÖSKUHÁLSSÍ
Í krónum og aurum talið hefur helgin sennilega verið flestum nokkuð dýr, nema þeim sem ákváðu að nota tæki-færð og gera alls ekki neitt á meðan hinir ruku upp um fjöll og firnindi. Jafnvel þeir sem skruppu bara í bústaðinn yfir helgina burftu að spælsa bensíni á bílinn, sem getur verið sárt um þessar mundir, og gerðu vafalaust betur við sig en venjulega í mat og drykk. Það er því öruggt að óvenjunumklar fjárhæðir hafi skipt um hendur um helgina.

Helgin var sennilega dýrust þeim sem lögðu leið sína út í Eyjar og fæstir þeirra sloppið með minna en þrjátíu þúsund krónur sé tekið tillit til aðgöngugjalds, ferðaráinnar yfir hafið, gistingar og uppihalds. Kostnaðurinn hefur þó aldrei staðið í vegi fyrir sönum aðdáendum þjóðhátiðar enda er hún í hugum fjölmarga Íslendinga ein öruggasta skemmtun sumarsins sem skyldumæting er á. Þjóðhátiðin í ár var engin undantekning og um tíu þúsund manns voru á staðnum þegar mest var, þrátt fyrir að veðrið hafi ekki beinlínis leikið við gesti hátiðaráinnar allan tímann.

SAMHUGUR Í MINNI SAMFÉLÓGUM
Birgir Guðjónsson, formaður þjóðhátiðarnefndar, segir Vestmannaeyjar fá mikil út úr þjóðhátiðinni, bæði hvað varðar verslun og þjónustu en ekki síst geri hún mikil fyrir samfélögssálina. „Um þrjú hundruð manns vinna mikil og óeigingjarnt starf í sjálfboðavinnu við undirbúning hátiðaráinnar. Það er kannski lýsandi fyrir þá stemningu sem myndast í minni samfélögum þegar mikil er undir. Í Vestmannaeyjum er bara einn maður á launum við þjóðhátið,“ segir Birgir og á þar við sjálfan sig. „Það sem gerir þjóðhátið að því sem hún er, er að Eyjamönnum þykir vænt um sína þjóðhátið og vilja að hún fari vel fram. Menn eru tilbúnir að leggja ýmislegt á sig til þess að svo geti orðið.“ Birgir segir að það sem helst standi því fyrir þrifum að hátiðin geti orðið enn stærri og betur sótt sé samgönguflöskuhálsinn mikil, enda oft ýmist fullt í allar ferðir eða ófært. Hann segir að helst þyrftu Eyjamenn að hafa tvö skip til umráða þessa helgi til þess að allir þeir sem hafa áhuga á komist með góðu móti til Eyja.



mannahelgi að baki



Jól skáka sumri

Áhrifa af ferða- og skemmtanagleði Íslendinga um verslunarmannahelgina gætir viða og ekki síst hjá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Útilegum og skemmtunum fylgir oftar en ekki mikil neysla áfengis, jafnvel þó að margar útháttörfirnar séu stílaðar inn á fjölskyldufólk og ekki gert ráð fyrir mikilli drykkju. Í lítrum talið má gera ráð fyrir að um þessu helgi hafi 730 þúsund lítrar af áfengi horfið ofan í Íslendinga sem er hvorki meira né minna en tveir og hálfur lítri á hvern Íslending.

Sigrún Ósk Sigurðardóttir, aðstoðarforstjóri ÁTVR, segir að mikill erill hafi verið í verslunum ÁTVR fyrir helgina. Samkvæmt lauslegri áætlun má gera ráð fyrir að áfengi hafi selst fyrir um 525 milljónir króna ef miðað er við svipaða brúnum og verið hefur á heildarsölu áfengis á þessu ári.

Í fyrra var áfengi selt fyrir 489.709 þúsund krónur í Ríkinu og standist áætlun er um nokkra aukningu að ræða milli ára. Einungis einu sinni á ári er meira magn af áfengi selt en fyrir verslunarmannahelgina. Vikuna fyrir síðustu jól var náiði salan 559.827 þúsund krónum og því skáka jólum verslunarmannahelginni.



ISLENDINGUM PYKIR SOPINN GÓÐUR Aðeins í kringum jólum drekka Íslendingar meira en um verslunarmannahelgina.

henni lagt lóð á vogarskálar verðbólgunnar.

Sigurvegari útháttíðanna í ár var án efa Ein með öllu á Akureyri en alls lögðu átján þúsund manns leið sína þangað. Hátíðin var af flestum talin sérstaklega vel heppnuð ef undanskildar eru raddir nokkurra íbúa á Akureyri sem telja sig nánast í herkví þessa daga þegar aðkomumenn fylla bæinn og ónáða þá sem kunna best að meta friðsældina í sínum heimabæ.

EIN MEÐ ÖLLU SIGURVEGARI ÚTHÁTTÍÐANNA

Sigurvegari útháttíðanna í ár var án efa Ein með öllu á Akureyri en alls lögðu átján þúsund manns leið sína þangað. Hátíðin var af flestum talin sérstaklega vel heppnuð ef undanskildar eru raddir nokkurra íbúa á Akureyri sem telja sig nánast í herkví þessa daga þegar aðkomumenn fylla bæinn og ónáða þá sem kunna best að meta friðsældina í sínum heimabæ. Verslunarmenn, veitingahúsaeigendur og þjónustuðilar í höfuðstað Norðurlands voru ábyggilega ekki meðal beirra sem kvörtuð og má gera ráð fyrir að velta beirra þessa helgina hafi margfaldað miðað við aðrar helgar í sumar. Kaupmenn fíkniefnadjöfusins voru kannski þeir einu sem ekki kættust, en upp komst um óvenjumörg fíkniefnabrot á Akureyri um helgina, eins og reyndar víða annars staðar.

STENDUR UTAN VIÐ OFFPENSLUNA

Engin ástæða er þó til að óttast að liðin helgi hafi stuðlað frekar að ofhitnun hagkerfisins þótt landsmenn hafi eindregið verið hvattir til að draga saman seglin og minnka neysluna að undanförnu. „Það er ekki svona neysla sem hvatningin til að minnka neyslu liggur í. Það er frekar átt við kaup á stórum rafmagnstækjum, bílum, utanlandsferðum og öðru því um líku,” segir Stefán Þór Jansen, deildarstjóri í þjóðhagsreikningadeild Hagstofunnar. „En betta er góð innspýting fyrir smærri byggðarlög og vissulega eru staðir þar sem þetta skyndilega innflæði peninga hefur gifurleg áhrif á fyrirtæki í verslun og þjónustu,” bætir hann við og bendir á að þótt miklar fjárhæðir hafi vissulega skipt um hendir um helgina séu áhrifin á þjóðarbúið í heild óveruleg. Magn neyslu eigi ekki að hafa nein áhrif á verðbólguna því hún mæli fyrst og fremst breytingu á verðlagi. Í einhverjum tilfellum gæti verð hækkað, en Stefán hefur ekki trú að það geri það á eins stuttu tímabili og verslunarmannahelginni. Þeir sem hafa haft samviskubit yfir eyðslufyllirii helgarinnar purfa því ekki að óttast að hafa með



ÍSLANDSAUGLÝSINGAR ICELANDAIR Í NEÐANJARDARLESTARSTÖÐ Í PARÍS Fjölmargir útlendingar eru staddir hér á landi um þessar mundir og vist er að margir þeirra hafa tekið þátt í hátíðahöldum um helgina.

Ekki bara Íslendingar

Fleiri en Íslendingar kunna að meta góða skemmtun. Allar flugvélar með stefnu hingað til lands hafa verið fullar að undanförnu og virðist vera að einhverjir hafi haft spurnir af verslunarmannahelgargleði okkar Íslendinga og ákveðið vera með.

Icelandair er um þessar mundir með 140 flug til landsins í viku hverri og um fjögur þúsund farþegar koma á þeirra vegum til landsins á dag. Þannig er það meira og minna í júní, júlí og ágúst að sögn Guðjóns Arngrímssonar, upplýsingastjóra Icelandair. „Á þessum tíma eru allar vélar meira og minna fullbókaðar. Það tengist ekki verslunarmannahelginni, eða útháttíðum á neinn hátt, enda hafa þær ekki verið sniðnar að erlendum ferðamönnum og ekki markaðssettar erlendis af okkur,” segir Guðjón.

Iceland Express auglýsir heldur

ekki verslunarmannahelgina sérstaklega í útlöndum en að sögn Jóns Ómars Erlingssonar, tekjustjóra hjá Iceland Express, var sérstaklega mikil efterspurn eftir sætum hingað fyrir verslunarmannahelgina. Hann segir annars sumarið í heild hafa verið sérstaklega vel heppnað. Tölur um erlenda gesti um Leifsstöð styðja það, en samkvæmt þeim hefur ferðamönnum hér fjölgæð nokkuð í ár. Hvort sem þeir komu hingað til lands gagngert fyrir verslunarmannahelgina eða ekki er deginum ljósara að úr nógu hefur verið að velja um helgina.

En flugvélarnar hafa heldur ekki farið tómar til baka og streymdu Íslendingar úr landi fyrir verslunarmannahelgina. Margir virðast hafa nýtt sér aukafrídaginn og skroppið í langa helgarferð til útlanda, þar sem er ef til vill að finna betra veður.

Frægasta floppið

Eins og með önnur viðskiptaevintýri er ekki á vísan að róa þegar kemur að hátíðahöldum um verslunarmannahelgi. Nokkur dæmi eru um tilraunir sem lofuð góðu en fengu svo vænan skell með tilheyrandi vonbrigðum og stundum fjárhagslegum skaða fyrir skipuleggjendur þeirra.

Tónlistarmaðurinn góðunni, Magnús Kjartansson, sem tekið hefur þátt í skemmtanahaldi tengdu ófáum verslunarmannahelgum, er einn þeirra sem á slíka sögu. Hann heldur nú upp á tuttugu ára afmæli Viðeyjarháttíðarinnar sem er sennilega hvað frægust þeirra er ekki hafa gengið. Magnús hafði fengið fjöldann allan af hljómsveitum, söngvurum og listamönnum til að troða upp og allt leit út fyrir að flott hátíð væri í uppsegi. Gæfan varð honum hins vegar ekki hliðholl og gerði illskulveður þegar helgin nálgæðist. Þar að auki stóð lögreglunni í Reykjavík stuggur af hátíðinni og var hún með stranga gæslu við hlið Viðeyjarferjunnar þar sem leitað var vel í farangri allra gestanna. Illviðri og

MAGNÚS KJARTANSSON TÓNLISTARMAÐUR Magnús stóð fyrir Viðeyjarháttíðinni frægu fyrir tuttugu árum sem gárungarnir segja að einungis fimm Akureyringar hafi sótt.



til hlés og létt nægja að njóta þess sem Innipúkiinn í Reykjavík hafði upp á að bjóða.

Gárungarnir segja söguna svo að til Viðeyjar hafi komið fimm Akureyringar í pakkaverð og fleiri hafi gestirnir ekki verið. Það er ekki alls kostar rétt en þangað kom þó ekki nema tíundi hluti þess fjölda er búist var við. Í reynd voru flestir á svæðinu aðstandendur hátíðarinnar auk lækna og hjálparsveita, löggæslumanna og fjölda hljómsveita, söngvara og annarra listamanna.

Magnúsi er ekkert á móti skapi að rifja upp Viðeyjarháttíðina, þótt hann hafi á sínum tíma að mestu borið kostnaðinn af því tapi sem af henni hlaust, enda efast hann ekki um ágæti hugmyndarinnar. „Einn góðan veðurdag munu augu höfuðborgarbúa opnast fyrir þessari dásamlegu perlu sem er fyrir framan nefið á þeim alla daga. Ef veðurguðirnir hefðu verið okkur hliðhollir á þessum tíma, og ýmis önnur öfl, þá hefðum við kannski átt heiðurinn af því með Viðeyjarháttíðinni,” segir Magnús, sem þessa verslunarmannahelgina hélt sig

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkio...

Er ástæða til þess að hafa áhyggjur af því að forstjórar njóti árangurs fyrirtækjanna?

Lúxusvandamálið ofurlaun

Haflidi Helgason

Laun nokkurra forstjóra stærstu fyrirtækja landsins hafa verið til umræðu eftir að tekjublað Frjálsrar verslunar kom út. Þeir forstjórar sem hæst hafa launin eiga eitt sammerkt. Verðmæti fyrirtækjanna sem þeir stýra hefur margfaldast.

Þessir forstjórar innleystu á síðasta ári kauréttarsamninga sem þeir gerðu fyrir þremur til fimm árum. Þá hefur sennilega engan órað fyrir vexti og viðgangi þessara fyrirtækja. Niðurstaðan er sem sagt sú að kaupréttirnir hafa orðið geysiverðmætir. Hvers vegna? Jú vegna þess að verðmæti hluta fyrirtækjanna hefur margfaldast á tímabilinu. Þau breyttust úr fyrirækjum á þróngum heimamarkaði í meðalstór alþjóðleg fyrirtæki.

Samhliða þessu hefur tekjuaukning þeirra orðið veruleg og vöxtur tekna og hagnaðar komið erlendis frá. Það er því ekki fráleit samlíking að miða þá við aflaskipstjóra með hlut. Hér á landi er rík hefð fyrir því launakerfi í sjávarútvegi að skipstjóri og áhöfn deili ávinnungi af góðum árangri með eigendum útgerðarfyrirtækjanna. Slíkt kerfi er heldur á engan hátt fráleitt þegar almenningshlutafélög eiga í hlut.

Þær upphæðir sem birtast eru vitianlega úr öllu samhengi við almennan veruleika launafólks á Íslandi af þeirri einföldu ástæðu að vöxtur og viðgangur þessara fyrirtækja er einnig úr öllu samhengi við það sem hingað til hefur mátt venjast.

Ef sá vöxtur sem birtist í hagnaði af kaupréttarsamningum stjórnendur stærstu fyrirtækjanna er vandamál, þá er líklega eina raunhæfa lausnin til að ná tökum á því vandamáli að ná verri árangri í heimi alþjóðaviðskipta. Er það hagur þjóðarinnar?

Þeir sem hæst hrópa nú yfir háum launum og ójöfnum kjörum landsmanna voru sumir andstæðingar þess að lækkun skatta færi í gegnum persónuafslátt í stað flatrar prósentulækkunar. Það er upp að einhverju marki hægt að jafna kjör fólks í gegnum skattkerfið. Það er vandrataður meðalvegur að auka jöfnuð, án þess að draga mátt úr samfélaginu.

Hagvöxtur hefur verið gríðarlegur í landinu undanfarin ár. Hans sér stað í launaumslagi venjulegs fólkis. Kjör almennings á Íslandi hafa aldrei verið betri. Ástæðan er róttækar kerfisbreytingar sem hafa fært hagkerfið frá miðstýringu til frelsis og gert það sambærilegt við hagkerfi nágrannajóða okkar. Það kann að vera að einhverjir séu þeirrar skoðunar að sú vegferð hafi verið mistök, en það má fullyrða að án hennar væru almenn kjör í landinu mun lakari en nú er. Fórnarkostnaður þessarar vegferðar er að fjárfestar hafa grætt verulega fjármuni og margin stjórnendur og lykilstarfsmenn fyrirtækja hafa notið mikils ávinnings af uppybyggingarstarfinu. Spurningin er hvort það eitt sé nægjanlegt til að tapa svefni og tala samfélagið í átt til fyrri tíma lokaðs hagkerfis þar sem fleiri höfðu það skitt og færri of Gott.

Hitt er svo annað að launastrúktúr í fyrirtækjunum þarf að vera til sifeldrar endurskoðunar. Mikilvægt er að sá strúktur þjóni því markmiði að byggja upp öflug fyrirtæki. Ef menn missa sjónar á því þá er fyrst ástæða til að ræða launakjörin af festu og alvöru.

eggert@markadurinn.is | haflidi@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | jsk@markadurinn.is | olíkr@markadurinn.is

Betri leið til að vinna á tímaskorti

"Hópurinn mjög ánægður með námskeiðið og allir sáu greinilegar framfarir á lestrarhraða. ...mun nýtast okkur vel í starfi." Hópur frá Upplýsingatæknið Landsbankans.

"...hvergi áður náð jafn hárri ávöxtun á tímasparnað..."

Fylkir Sævarsson, 39 ára lönnfræðingur.

Meiri tími - Aukið forskot - Sterkari sérstaða

Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:

Frábært, markvisst, hnitríðað, krefjandi, mikil aðstoð, árangursríkt, góð þjónusta.

6 vikna námskeið 4. september (nokkur sæti laus)


6 vikna námskeið hefst 12. september

Akureyri 3 vikna hraðnámskeið 31. ágúst

Náðu árangri með okkur í sumar og skráðu þig á sumarnámskeið Hraðlestrarskólags.

Skráning hafin á www.h.is og í síma 586-9400

Gerum föst verðtilboð í fyrirtækjanámskeið



VR og fleiri stéttarfélög styrkja þátttöku félagsmanna sinna á námskeiðinu.

Bankarnir skila góðu milliuppgjöri

ORD Í BELG

Jafet S. Ólafsson, framkvæmdastjóri VBS fjárfestingarbanka hf.



Viðskiptabankarnir hafa allir skilað mjög góðu milliuppgjöri og er afkoman töluluvert betri en greiningardeildir áttu von á. Þrátt fyrir samdrátt í gengishagnaði á hlutabréfum er afkoman að batna. Vaxta- og þóknatekjur hafa vaxið verulega. Tekjur af erlendri starfsemi aukast enn og eru nú örðnar um 45 prósent hjá Landsbankanum, hjá KB banka er þetta hæst eða um 70 prósent.

Arðsemi eiginfjárd er mjög hátt bönkunum, hæst er hún hjá Glitni eða 45 prósent og er 38 prósent ef söluhagnaður af Sjóvá er tekinn út.

ARÐSEMIN GÓÐ

Arðsemi hjá Landsbankanum er 40 prósent og arðsemi KB banka er 36 prósent. Þetta er geysilega fin arðsemi. Hækkun skuldbréfavaxta hefur sett hærri kröfur á arðsemi eiginfjárd í hlutaféloðum og lægst er hún hjá stórum skráðum fyrirtækjum. Almennt má segja að arðsemi eiginfjárd eigi að vera um 18 prósent hjá þessum fyrirtækjum. En þau skila nú tvöfaldri þeirri tólu og riflega það.

Eiginfjárstaða viðskiptabankanna er góð og hefur styrkt um

Moody's skilaði nýlega skýrslu um íslenska bankakerfið sem hlýtur að teljast mjög jákvæð. Sérfræðingar fyrirtækisins telja að bönkunum sé vel stýrt, eiginfjárhlutfall og lausfjárstaða séu mjög góð.



YS OG PYS Í FJÁRMÁLAHVERFI TÓKÝÓ Tekjur íslensku bankanna eru að stórum hluta til tilkomnar í erlendri mynt og vaxa enn. Í grein Jafets S. Ólafssonar, framkvæmdastjóra VBS fjárfestingarbanka, er bent að arðsemi bankanna sé geysilega fin, enda hafi Moody's nýlega skilað skýrslu um bankana sem staðfesti það.

STARFSMANNAMÁL

Innri og ytri leit

Ferli við öflun umsækjenda felur í sér innri eða ytri leit.

Innri leit felur í sér að leitað er til náverandi eða fyrrverandi starfsmanna fyrirtækisins eða leitað er til vina og kunningja. Ytri leit felur m.a. í sér að fyrrtæki leita að umsækjendum með bláða auglýsingum, með aðstoð menntastofnana, með auglýsingum á heimasiðu fyrirtækisins, aðstoð ráðningaráþjónustu eða notaðar eru ábendingar starfsmanna um mögulega umsækjendur. Ytri leit felst líka í því að leitað er til fyrirtækja sem sérhæfa sig í stjórnendaleit.

Innri leit að umsækjendum hefur einnig verið kölluð óformleg leið til öflunar umsækjenda. Innri leit felur m.a. í sér að fyrirverandi starfsmanna sinna, hækkar stöðu þeirra innan fyrirtækisins eða færir þá milli deilda. Til þess að ná til náverandi starfsmanna er m.a. notað innranet, samtöl, fundir, fréttablöð og auglýsingatöflur. Margir stjórnendur telja að sú aðferð, að leita fyrst til starfsmanna innan fyrirtækis, bæti félagsandann og þannig fáist starfsmenn sem vilja vera hjá fyrirtækini og eru ánægðir þar.

Í slíkum tilfellum pekkir starfsmáðurinn til aðstæðna og hefur kynnt menningu fyrirtækisins.

Gallinn við þessa aðferð getur verið sá að það skapist kergja á milli starfsmanns sem fær stöðuna og hinna í fyrirtækini sem hafa sótt um.

Í innri leit er einnig leitað til fyrirverandi starfsmanna. Með

irtækið leitar fyrst til náverandi eða fyrrverandi starfsmanna sinna, hækkar stöðu þeirra innan fyrirtækisins eða færir þá milli deilda. Til þess að ná til náverandi starfsmanna er m.a. notað innranet, samtöl, fundir, fréttablöð og auglýsingatöflur. Margir stjórnendur telja að sú aðferð, að leita fyrst til starfsmanna innan fyrirtækis, bæti félagsandann og þannig fáist starfsmenn sem vilja vera hjá fyrirtækini og eru ánægðir þar.

Í slíkum tilfellum pekkir starfsmáðurinn til aðstæðna og hefur kynnt menningu fyrirtækisins.

Gallinn við þessa aðferð getur verið sá að það skapist kergja á milli starfsmanns sem fær stöðuna og hinna í fyrirtækini sem hafa sótt um.

Í innri leit er einnig leitað til fyrirverandi starfsmanna. Með

því að ráða fyrirverandi starfsmenn sem e.t.v. hafa verið frá vegna barneigna eða náms er ekki einungis hægt að spara sér kostnað, heldur eru þeir starfsmenn sem koma aftur til fyrirtækisins óbeint að segja við hina sem fyrir eru að grasið sé ekkert grænna hinum megin.

Árangursríkasta leiðin við öflun umsækjenda er að nýta sér bæði innri og ytri leit. Þannig næst mesta breidd í umsækjendahópinn og því stærri sem hann er

því meiri líkur eru á að finna hæfan starfsmann. Sif Sigfusdóttir M.A. í mannaðursstjórnun.



ÚTGÁFUÐELAG: 365 - prentmiðlar RITSTJÓR: Eggert Þór Ádalsteinson, Hölmfríður Helga Sigurðardóttir, Jón Ádalsteinsson, Jón Skafason, Óli Kristján Ármannsson AUGLYSINGASTJÓR: Anna Elínborg Gunnarsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLYSINGAR: Skafthlíð 24, 105 Reykjavík ADALSRÍMI: 550 5000 SÍMBRÉF: 550 5006 NETFÓNG: ritstjorn@markadurinn.is og auglysingar@markadurinn.is VEFFANG: visit.is UMBROT: 365 - prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja VR og fleiri stéttarfélög styrkja þátttöku félagsmanna sinna á námskeiðinu.

Ferðabjónusta blómstrar

Greiningardeild Glitnis segir út til fyrir myndarlegan vöxt í ferðabjónustu á árinu. Ísland sé í tísku meðal erlendra ferðamanna og breytingar á gengi krónu geri ferðir hingað hagstæðari kost en áður. Landsmenn virðist auk þess bregða undir sig betri fætinum innlanlands í auknum mæli. „Gistinætur á hótelum voru tæplega 134 þúsund í júní síðastliðnum samkvæmt nýbirtum tölum frá Hagstofu og fjölgangi þeim um átta prósent milli ára. Fjölgunin var raunar örari meðal Íslendinga, eða 22 prósent, en gistenóttum erlendra ferðamanna fjölgangi um fimm prósent.

AURASÁLIN

Kaupa og flýja skatta

Aurasálin er ánaegð með þau hörðu viðbrögð nokkurra hæstvirtra þingmanna og auðvitað Morgunblaðsins sem blöskra þau óforsvaranlegu laun sem fermingardrengirnir og verðbréfaguttnarnir í bönkunum þiggja þessa dagana. Auðvitað er engin vitglóra í þessu. Ríkið á að bregðast hratt við og taka meira af þessum ofurlaunum í formi skatta áður en hagnaður bankanna fer að dragast saman eins og augljóslega mun gerast og laun bankamanna lækka. Helst vildi aurasálin sjá launabæk svona eins og í íþróttunum.

Einnig er augljóst að ekki veitir af að kenna þessum bankamönnum smá ráðvendni í peningamálum og væri það besta leiðin að taka peninga af þeim áður en þeir sóa auðnum í einhverja vitleysu eins og laxveiðar og sportbíla. Þessir nýrku Íslendingar bera sök á því ójafnvægi sem ríkir í haggerfinu með gifurlegri óráðsíu. Sjáið bara allan bílannflutninginn af amerískum bensínfákum og stórum jeppum sem gera lítið annað en að bryðja upp vegakerfið. Afleiðingin er sú að stjórnvöld og Seðlabanki eiga við ofurefli að etja, hækka vexti sem daglaunamenn, hornsteinar framfara og hagvaxtar, fá beint í smettið.

Verst er auðvitað að bankar og starfsmenn þeirra ætla að bregðast við þessari umræðu með því að fára eigr og tekjur til skattaparadísá á borð við Guernsey og Luxemborg. Í síðustu viku keypti Landsbankinn heilan banka á Ermarsundseyjum til þess að hjálpa bankamönnum og öðrum auðmönnum að koma peningum sínum í öruggt skjól fyrir Skattmann. Aurasálin skorar á íslensk stjórnvöld að koma í veg fyrir að bönkunum takist að framkvæma lúaleg bellibrögð sem þetta.

Aurasálin er afar trúuð sál og biður á hverju kveldi fyrir nýrkum bankamönnum þessa lands sem vita ekki aura sinna tal. Óskar hún þeim alls hins besta þótt laun þeirra séu í engu samræmi við vinnuframlag. Vill hún að endingu rifja upp frásögn í Lúkasarguðspjallum auðuga höfðingjann sem spurði frelsarann hvernig hann gæti öðlast eilíft líf. Svaraði frelsarinn: „Auðveldara er úlfalda að fara gegnum nálaraugu en auðmanni að komast inn í Guðs ríki.“

ÞJÓÐARBÚSKAPURINN

frá júní í fyrra. Á fyrra helmingi ársins voru gistenætur alls riflega 485 þúsund sem jafngildir tíu prósentum aukningu frá sama tímabili 2005. Er aukningin hlutfallslega svipuð meðal íslenskra ferðamanna og erlendra.“ Þá kemur fram að tölur frá Ferðamálaráði Íslands um fjölda erlendra gesta í Leifsstöð segi sömu sögu. Erlendir gestir hafi verið rúmlega 149 þúsund á fyrra helmingi árs og fjölgangi um tólf prósent miðað við sama tíma í fyrra. „Ekki liggja fyrir nákvæm-



Hver er draumaliturinn þinn?

„*Mig dreymdi svo marga líti.
Hver getur hjálpað mér að
finna þá?*“

DRAUMALITIR

Slippfélagið
LITALAND

DUGGUVOGI 4 • 104 REYKJAVÍK • SÍMI 588 8000
www.slippfelagid.is

Sérfræðingar Slippfélagsins hjálpa þér að finna draumalitina þína. Ekki missa svefn yfir mögnum litasamsetningum. Komdu í Slippfélagið núna.

Slippfélagið selur liti sem virka, málningu sem endist og vill þér bara það besta.

Markmál
þýðingar og skjalagerð

Aösetur í ReykjavíkurAkademíunni - Hringbraut 121
www.markmal.is - markmal@markmal.is - S: 660 5003

Skrifstofuhúsgögn



Hirzlan
Smiðsbúð 6 Garðabæ Sími 564 5040



**ALDREI STÆRRI
OG VINSÆLLI!**

Langöflugasti miðill unga
fólksins er enn að vaxa.



Auglysingsásumi: 550 5000

Mikið af ruslpósti

Allt að 95 prósent allra tölvuskeysta er ruslpóstur, villuboð og vírusar en aðeins tæp 4 prósent allra skeysta innihalda eitthvað gagnlegt. Þetta er niðurstaða könnunar breska netfyrirtækisins Return Path.

I könnuninni kemur fram að langstærstur hluti veirutölvskeysta eru áfram send skeysti sem veirur eða tölvumorar stela úr tölvum netverja og senda áfram í aðrar tölvur. Að sögn forsvarsmanns fyrirtækisins nappa veirurnar netföngum frá allt að 20 milljón tölvum til að senda ruslápóstinn áfram.

Sérfræðingar kenna aukinni notkun sítenginga á háhraðaneti um magn ruslpóstsins. Því sé nauðsynlegt að hafa öflugar vírusvarnar og uppæra þær reglulega.

Vírusbanafyrirtækið Sophos birti á dögumuna lista yfir þau lönd þar sem ruslpóstsendigar eiga upptök sín. Í 23,2 prósentum



SETIÐ VIÐ TÖLVUNA Aðeins um fjögur prósent af öllum tölvupósti er ekki ruslpóstur, villuboð eða vírusar.

tílvika hófst ferð ruslpósts um netið í Bandaríkjunum en það er hæsta gildið. Í öðru sæti var ruslpóstur frá Kína, sem var um fimmtíungur. Þá hófu 7,5 prósent ruslpóstsins ferð sína um netið frá Suður-Kóreu, 5,2 prósent frá Fraklandi og 4,8 prósent frá Spáni. 1,8 prósent ruslpóstsins var upprunninn í Bretlandi og lenti landið í 10. sæti, að sögn breska ríkisútvarpsins, BBC.

- jab

Skipulag MS í endurskoðun

Skipulagsbreyingar hjá MS, sem ákvæðið var í vor að ráðast í, ganga samkvæmt áætlun að sögn Magnúsar H. Sigurðssonar, stjórnarformanns MS.

„Starfsstöðin í Reykjavík sérhæfir sig í dreifingunni og það er svona stærsta breytingin sem núna er framundan og svo er verið að vinna að undirbúnungi annarra breytinga,“ segir Magnús. Meðal breytinga er að sérstavinnsla, sem nú er að hluta til í mjólkurbúinu á Selfossi, verður flutt í Búðardal.

Ákvæðið var að ráðast í breytingarnar í mars, um ári eftir að Mjólkursamsalan og MBF (Mjólkurbú Flóamanna) voru sameinuð. Samkvæmt áætlun MS eiga breytingarnar að skila félaginu um 300 milljóna króna ávinningu á næstu tveimur til þremur árum.

- óká

Honda í loftið

Japanski bílaframleiðandinn Honda, sem hingað til hefur verið þekktastur fyrir að framleiða bíla, hyggst byrja að taka við pöntunum á einkapotunni HondaJet í haust. Honda er í þann mund að setja á fót fyrirtæki í Bandaríkjunum sem ætlað er að greiða fyrir um framleiðslu, markaðssetningu og sölu á einkapotunni sem á að fara í loftið árið 2010.

Fyrirtækið tilkynnti í síðasta mánuði um ráðagerðir þess

efnis að hanna sjö sæta flugvél og teygja sig þannig inn á markaðinn fyrir einkaflugvélar. Segja forsvarsmenn HondaJet að vélin verði rúmbetri, hræfleygari og sparneytnari en aðrar einkaflugvélar.

Japanski bílaframleiðandinn er aðeins einn margra sem horfa girndaraugum til markaðarins með einkaflugvélar sem fer ört stakkandi. Þykir þessi ferðamáti einkar hentugur fyrir bandarískra forstjóra sem þurfa



HONDAJET UNDIRBÝR ÆFINGAFLUG

Honda flýgur inn á nýjan markað árið 2010 þegar fyrirhugað að HondaJet fari í loftið.

að oft að skjótast frá einu lands-horni til annars og jafnvel út fyrir landsteinana, helst á augabragði.

- hhs



LIFÐU Í ÖRYGGI. VELDU VOLVO XC90.

Áratugum saman hafa hönnuðir Volvo leitað sannleikans líkt og Albert Einstein, rannsakað bíla við ólikar aðstæður, reiknað út og safnað þekkingu. Hér er eitt dæmið. Volvo XC90, tækni sem hrifur alla sem henni kynnast. Slik afburðatækni hefur ekki áður sést í jeppum enda flókin stærðfræði. Skoðaðu eiginleika Volvo XC90 af nákvæmni.

Lifðu heilbrigðu lífi

Skoðaðu lífið. Sérstök tækni vaktar gæði andrúmsloftsins umhverfis Volvo XC90 og breytir 75 prósent af slæmu ósóni (sem liggur við jörðu) í hreint súrefni. Hugsaðu um börnin.

Fjórhlöladriðið er sjálfvirk og eitt hið fullkomnasta sem til er. Hönnuðir Volvo fundu sníldarleið til að lækka þyngdarpunktinn í Volvo XC90 en of hár þyngdarpunktur hefur verið vandamál við hönnun jeppa þar sem hann dregur úr öryggi og aksturseigingleikum. Veldu Volvo.

Par sem öryggi farþega er Volvo efst í huga létu hönnuðirnir ekki þar við sitja því að auki bættu þeir við tveimur nýjum tækniupplifningum: nýja stlöðugleikastýrikerfinu DSTC og RSC veltvörninni. DSTC leiðréttir mistök í akstri en RSC sýreiknar likur á veltu og bregst við ef þurfa þykir. Rúsinan í

pylsuendanum er sérstyrkt Boronstálið í burðarvirki yfirbyggingarinnar sem er 5 sinnum sterkara en venjulegt stál. Útkoman úr dæminu er hámarksöryggi í Volvo XC90, sem veitir honum algera sérstöðu í samkeppni um öryggi bíla. Gefu þér tima og skoðaðu yfirburðatækni Volvo XC90.

Þetta er Volvo XC90. Öryggi fyrir allt að sjö manns og aðra vegfarendur einnig. Þú prófar hann og færð faglega ráðgjöf í afburðartækni sem einkennir Volvo XC90. Öryggi er lúxus – lifðu í lúxus. Komdu í Brimborg og spurðu sérfræðinga Volvo á Íslandi um lúxus sportjeppann Volvo XC90.



Sérvalið tau- eða leðurefni eru í stýri, lyklum og öðrum snertiflötu og eru laus við ofnæmisvaka samkvæmt alþjóðastaðli Öko-Tex. Spurðu um skynvæddu miðstöðina sem hindrar að mengun berist inn í farþegarýmið.

Aflaðu þér
frekari upplýsingar
www.volvo.is

GO ALMANNATENSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL 95501062

Volvo XC90 AWD bensín.
Verð frá 5.990.000 kr.*

Volvo XC90 AWD dísil.
Verð 6.390.000 kr.*

* Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

* Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

Leitarsíður og netsamfélög vinsælust

Opera Software sem framleiðir internetvafrá fyrir farsíma, tölvur og önnur tæki upplýsti í gær að notendur símavafrans Opera Mini hefðu vafrað um meira en milljarð vefsíðna frá því vafrinn var kynntur fyrir sjö mánuðum síðan. Vinsælustu síðurnar eru leitarsíður og einnig svokölluð netsamfélög og stefnumótasiður.

Norska hugbúnaðarfyrirtækið Opera Software vakti í gær athygli á því hve farsímanotendur viða um heim hefðu tekið vel á móti nýbreytninni sem felst í Opera Mini-internetvafranum sem sérhannaður er fyrir farsíma. Opera notar eigin tækni til að endurhanna vefsíður þannig að þægilegt sé að skoða þær á litlum skjáum, eða skjám í óvenjulegum staerðum.

Fyrirtækið segir að á þeim sjö mánuðum sem liðin eru frá því Opera Mini kom út hafi notendur forritsins vafrað um meira milljarð vefsíðna. Vinsælustu vefir eru leitarverfur Google, netsamfélög og stefnumótasiður, auk blautegri vefja sem bjóða upp á efni sem tæpast telst við hæfi barna.

Vafrinn litli er notaður af yfir fimm

milljón virkum notendum um heim allan og hefur í auknum mæli verið boðið upp á hann uppsættan í nýjum sínum. Aðrir geta sótt sér gripinn á vef Opera eða fengið þar um hann upplýsingar á slóðinni http://mini.opera.com.

Uppsafrnaðar tölur Opera sýna að á eftir leit á Google, sem er langvinsælust hjá farsímanotendum komi síðurnar Gmail.com, Friendster.com, MySpace.com, Yahoo Messenger og hi5.com. „Petta bendir til að upplýsingaleit og leiðir til að halda samþandi við annað fólk sé það sem fólk hefur helst í huga við notkun Opera Mini-farsímafrans,“ segir Opera. Meðal annarra vinsælla síðna í Bandaríkjunum, Bretlandi og Þýskalandi eru fréttasiður, kortasíður

og afþreyingarvefir á borð við USAToday.com, news.bbc.co.uk, mapquest.com og eBay.

Mest er farsímafrinn notaður í Rússlandi og Bandaríkjunum, en þar á eftir koma Indland, Norðurlöndin og Bretland.

„Tímannótt þessi eru ekki einvörðungu mikilsverð fyrir Opera, heldur skipta þau höfuðmáli fyrir iðnaðinn sem sér um afþreyingu í farsíma og fyrir fjarskiptafyrirtæki um allan heim,“ segir Jón S. von Tetzchner, forstjóri Opera Software. „Velgengni Opera Mini sýnir að þjónusta í gagnaflutningi til farsíma felur í sér gífurlega möguleika, svo fremi sem gæði þjónustunnar uppfylla og fara fram úr þeim væntingum sem fólk gerir til hennar. Að ná milljarði síðuflettinga á sjö mánuðum er merkur áfangi sem sannar að fólk er svo ánægt með getu og hægindi Opera Mini að það notar vafrann oft og reglulega.“

Að sögn Opera hefur fjöldi stærri fjarþiðskiptafyrirtækja og framleiðendur farsíma þegar áttáð sig á möguleikunum sem felast í Opera Mini. Þannig hefur T-Mobile þegar sent frá sér farsíma þar sem búið er að setja upp vafrann sem hluta af „Web'n'Walk“-þjónustu sem fyrirtækið býður upp á í Evrópu auk þess sem fjöldi annarra fyrirtækja er að skoða kosti vafrans. Opera Mini sem er ókeypis hefur því á sjö mánuðum náð að verða eitthvært vinsælasta Java-forrit sem boðið er upp á í farsíma og smátlövur.

- óká



JÓN S. VON TETZCHNER Íslendingurinn Jón Tetzchner er forstjóri og annar stofnenda norska hugbúnaðarfyrirtækisins Opera Software.

MARKAÐURINN/VILHELM



VOLVO
for life

Öll erum við einstök, hvert og eitt okkar. Enginn á sinn likan. Fyrir okkur ert þú miðja alheimsins. Þegar þú ert annars vegar er takmark okkar bara eitt: að uppfylla óskir þínar og þarfir á þann hátt að þú litir á Brimborg sem öruggan stað til að vera á. Við erum með þér alla leið!

brimborg
Öruggur staður til að vera á

TILBOÐ

LÆKKAD VERÐ

Stór og smá loftkælkerfi!

**Skrifstofur
Tölvurými
Fundasalir**

Færanleg loftkælkerfi

íshúsið 566 6000
kælivélalagerinn

Gistinóttum fjölgar milli ára

Tíu prósent fleiri gisti á hótelum landsins fyrstu sex mánuði ársins en á sama tíma í fyrra.

Gistinætur á hótelum í júní voru 133.700 og fjöldaði um átta prósent frá fyrra ári, samkvæmt upplýsingum frá Hagstofunni. Gistinóttum fjölgar milli ára voru 83.300 á höfuðborgarsvæðinu og fjöldaði um fimm prósent milli ára. Í tilkynningu frá Hagstofunni segir að fjölgun gistenóttum á hótelum í júní megin bæði rekja til Íslendinga og útlendinga. Gistinóttum Íslendinga hafi fjölgar milli ára um tuttugu og tvö prósent en útlendinga um fimm prósent. Gistinóttum fjölgar alls um tíu prósent á fyrstu sex mánuðum árs. Gistinóttum Íslendinga fjölgar milli ára um ellefu prósent og



VEITINGASALUR Á HÓTEL BORG

gistenóttum útlendinga um níu prósent.

-jsk



Sigurvegari í alþjóðlegum gæðakönnunum

- ESP stöðugleikastýring
- TCS spólvrð
- ABS með EBD bremsujöfnun
- 6 loftpúðar
- Hiti í framsætum
- 16" álfelgur
- Pvottakerfi fyrir framljós
- Öryggisstilling fyrir barnabilstól
- 40/60 afturbekkur með armpúða
- 462 lítra farangursrými



Með bílinn handa þér

Lúxusbíll á fólksbílaverði

1. sæti í IQS gæðakönnun JD Power



Nýr Hyundai SONATA GSL 2.0I
kr. 2.290.000



HYUNDAI hefur gæðin

Keflavík 421 4444


Selfoss 575 1460

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Akranes 431 2622

Akureyri 461 2533

Egilsstaðir 471 2524



Markaðsvaktin - Veist þú hvað er að gerast á markaðnum í dag?

ÓKEYPIS
REYNSLUTÍMI
á www.mentis.is

Microsoft
CERTIFIED
Partner

Sigtuni 42 105 Reykjavík Sími 570 7600 info@mentis.is

omentis HUGBÚNAÐUR



KRZR K1
Arftaki
Motorola
RAZR-sím-
tækisins
þykir ekki

Nýi síminn er jafn-
síðri en fyr-
þunnur og RAZR en
nokkuð mjórra og skartar tveggja
megapixla myndavél, mp3-spíl-
ara og styður jafnframt ster-
íó-heyrnartól með þráðlausri
Bluetooth-tengingu.



Nokia vill Loudeye


Nokia-samsteypan ætlar sér stóra hluti á markaðnum með stafræna tónlist fyrir GSM-síma. Fyrirhuguð kaup á bandaríská tónlistardreifingaráfyrirtækinu Loudeye Corporation fyrir um 69 milljónir bandaríkjadal, um 4,25 milljarða íslenskra króna, eru liður í þessu.

Fréttastofa AP hefur eftir forsvarsmönnum Nokia að með þessu móti geti Nokia boðið viðskiptavinum sínum enn betri tónlistarupplifun í gegnum GSM-síma sína en fyrr. Loudeye á viðskiptum við mörg af stærstu tónlistarfyrirtækjum heims. Er talið að með kaupunum sé Nokia fyrst og fremst að verjast aukinni samkeppni, sérstaklega frá Sony Ericsson.

Samningurinn um kaupin gengur í gegn í lok ársins, að því gefnu að hluthafar og samkeppnisyfirvöld samþykki hann. - hhs

STÓRÚTSALA í ÁGÚST

50-70% AFSLÁTTUR

				
Veggkertastjaki KR. 2.500 NÚ 1.900	Hornsófaborð m/ hillu og skúffu 60x60x47cm KR. 15.500 NÚ 7.900	Sófaborð með hillu og skúffu 1200x600x470 cm KR. 24.500 NÚ 9.900	Funkistóll KR. 29.000 NÚ 19.900	Skammel 5.900
				
Sporöskjulaga borð m/ skúffu og hillu. 54x43x70cm KR. 12.500 NÚ 6.500	Glarskápur 47x5x35,5x190cm KR. 29.000 NÚ 14.950	Bökaskápur m/ skúffu 80x39x187cm KR. 39.000 NÚ 19.950	Sófaborð m/blaðahillu og skúffu 81x43x55cm KR. 18.000 NÚ 6.950	Kommóða 52,5x36x95cm KR. 29.000 NÚ 14.950
				
Náttborð m/ skúffu og blaðahillu 55x39x76cm KR. 19.700 NÚ 9.850	Náttborð 40x38x64cm KR. 15.700 NÚ 7.850	Kommóða 89x42x90cm KR. 39.000 NÚ 19.500	Náttborð 34x30x76cm KR. 15.000 NÚ 7.500	
				
Hálfmáni m/ lyklaskúffu og hillu 83,5x35x76cm KR. 15.900 NÚ 7.950	Kollur/blómaborð 36x30x46,5cm KR. 8.900 NÚ 3.500	Innskotsborð 3 saman L 52x45x51cm M 39x39x47cm S 27x33,5x43cm KR. 17.000 NÚ 8.500	Gangaborð/ Snyrtiborð 85x42x78cm KR. 23.000 NÚ 11.500	80x99x55cm KR. 11.500 NÚ 5.750
				

www.1928.is

Laugavegi 20b • Sími 552 2515 • Auðbrekku 1 • Sími 544 4480

Opnun • Mán.-fös. 10-18 • Laugard. 11-16

